


Vegagerðin
Jónas Snæbjörnsson, framkvæmdastjóri þróunarviðs
Borgartúni 5-7
105 Reykjavík

15. desember 2015
One 1210013/HSt

Varðar ósk um framlengingu á samningi dags. 3. jan 2013 um framkvæmdir við stofnstíga í Hafnarfirði við Þjóðvegi

Gerður var samningur milli Hafnarfjarðarbæjar og Vegagerðarinnar um uppbyggingu hjólreiða- og göngustíga í Hafnarfirði. Með þeim samningi fylgdi eftirfarandi kort:



Rauð lína = stofnstígar við þjóðvegi sem áætlað er að Vegagerðin muni styrkja

Ljós lína = í framkvæmd 2012

Blá lína = væntanleg framkvæmd 2013

Dökkgræn lína = væntanleg framkvæmd 2014

Teiknað 6. nóv. 2012/ME. Endurskoðað 10. des. 2012

Á árunum 2012-2015 voru eftirfarandi stígar unnir í samvinnu við Vegagerðina:

- Bæjarhraun milli Flatahrauns og Hólshrauns
- Hvammabraut við Kirkjugarðinn
- Kaplakriki við knatthúsið
- Strandgata við Íshúsið - húsagata
- Fjarðarkaup frá Hólshrauni að Engidal
- Suðurbraut frá Háholti að Byggðabraut
- Reykjavíkurvegur milli Engidals og Hjallabrauta
- Lækjarkinn frá Reykjanesbraut að Lækjargötu

Hér með er farið þess á leit við Vegagerðina að samningi um uppbyggingu hjólreiða- og göngustíga í Hafnarfirði sem framlengdur var í fyrr um eitt ár verði framlengdur. Þau verkefni sem eru fyrirbyggjandi í sveitarfélaginu eru eftirfarandi:

- Breikkun/endurgerð stígs við Reykjavíkurveg frá Flatahrauni að Engidal – áætlaður kostnaður er um 16mkr – komið að hluta 2016
- Breikkun/endurgerð stígs við Strandgötu frá Reykjanesbraut að Fornubúðum– áætlaður kostnaður er um 14mkr
- Breikkun/endurgerð stígs frá Lækjargötu að undirgöngum við Einiberg/Greniberg– áætlaður kostnaður er um 3,3mkr
- Breikkun/endurgerð stígs við Reykjanesbraut - frá álveri að Byggðabraut– áætlaður kostnaður er um 25mkr
- Breikkun/endurgerð stígs við Ásbraut - frá Haukum að Áslandi 2– áætlaður kostnaður er um 32mkr
- Breikkun/endurgerð stígs við Kinnar – áætlaður kostnaður er um 10mkr, komið að hluta 2015
- Gerð stígs við Kaldárselsveg– áætlaður kostnaður er um 40mkr

Óskað er eftir framlagi frá Vegagerðinni til stígagerðar á grunni þessa lista en óskað er eftir 15mkr framlagi ár hvert til stígagerðar fyrir árin 2016, 2017 og 2018. Hafnarfjarðarbær hefur þegar tryggt 15mkr til stígagerðar á fjárhagsáætlun 2016.

Virðingarfyllst,

Helga Stefánsdóttir, verkfræðingur
forstöðumaður framkvæmda- og rekstradeildar

afrit sent í tölvupósti á Jónas Snæbjörnsson, Eiríks Bjarnasonar og Svan Bjarnarson, hjá Vegagerðinni